

# ÖLD2B05 DR – Öldrun og samfélag

Námsáætlun, vorönn 2020

**Kennari/kennarar:**

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir

**Netfang/netföng:**

gudrunjh@bhs.is

**Lýsing:**

Í áfanganum er fjallað um hvaða áhrif það getur haft á einstakling að verða eldri borgari. Markmið áfangans er að kynna nemendur fyrir kenningum, hugmyndafræði og aðferðum sem hafa þann tilgang að mæta hinum aldraða með persónumiðaðri þjónustu til að stuðla að bættari lífsgæðum. Ásamt mikilvægi þess að hvetja og styðja hinn aldraða til samfélagsþátttöku og virkni og hvernig hægt er að sporna gegn félagslegri einangrun og einmanaleika með aðstoð persónumiðaðrar þjónustu og velferðartækni.

**Þekking, leikni, hæfni:**

Nemendur öðlist dýpri þekkingu á aðstæðum og aðbúnaði aldraðra á Íslandi. Lögð er áhersla á að virða sjálfræði eldri borgara auk þess sem nemendur öðlist þekkingu og skilning á fjölmenningu. Rýnt verður í rannsóknir, þróun og þjónustu á Norðurlöndunum sem og gagnsemi velferðartækni.

**Námsmat:**

Námsmat er byggt upp af einstaklings- og hópverkefnum, kynningum, heimaprófi, mætingu og þátttöku í umræðum.

- Þátttaka í umræðum og dreifnámslotum, amk 4-6 málefnaleg innlegg með vísun í lesefni í hverjum umræðutíma gildir **20%**
- Almenn skilaverkefni inná múðlunni gildir **20%**
- Hópverkefni (15%) og kynning (10%) í lotu 2 gildir **25%**
- Vettvangsferð/skilaverkefni (10%) og kynning (10%) í lotu 3 gildir **20%**
- Heimapróf gildir **15%**

**Námsgögn:**

Námsgögn hjá kennara, birtast á inna.is undir Efni.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Skyldumæting er umræðutíma og dreifnámslotur. Mikilvægt að skila verkefnum á réttum tíma, ekki gefin einkunn fyrir verkefni sem er skilað eftir að skiladegi lýkur. Nauðsynlegt að ná að lágmarki 5 í einkunn í öllum matsatriðum og verkefnum til að standast áfangann.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
2	7.-10. janúar	Lota 1 - kynning á áfanga	Umræður
3	13.-17. janúar	Lífsneistinn	Umræður
4	20.-24. janúar	Hæfileikar á efri árum	Skilaverkefni
5	27.-31. janúar	Sjálfsvíg og ofbeldi	Skilaverkefni
6	3.-7. febrúar	Öldrunarferlið	Skilaverkefni
7	10.-14. febrúar	Að draga fram það besta	Skilaverkefni
8	17.-21. febrúar	Vera við stjórnvölinn	Skilaverkefni
9	24.-28. febrúar	Umhverfið og áhrif þess	Skilaverkefni
10	3. - 6. mars	Kennslulota 2 – hópverkefni og kynningar	Skilaverkefni
11	9.-13. mars	Heilinn og taugakerfið	Skilaverkefni
12	16.-20. mars	Óuppfylltar þarfir	Skilaverkefni
13	23.-27. mars	Kunnugleg hlutverk	Skilaverkefni
14	30.mar. -3. apríl	Enginn getur allt, allir geta eitthvað	Skilaverkefni
15	6.-10. apríl	Páskaleyfi	
16	15.-17. apríl	Páskaleyfi	Skilaverkefni
17	20.-24. apríl	Lífssagan	Skilaverkefni
18	27.-30. apríl	Dauðinn	Skilaverkefni
19	4.-8. maí	Kennslulota 3 – verkefni og kynningar	Skilaverkefni
20	11.-13. maí	Heimapróf og einkunnagjöf	Heimapróf

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*